

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ árið 1991.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem virtar eru fasteignamati, skal greiða sorphirðugjald árið 1991.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir, þar sem eigendur annast sjálfir alla hreinsun sorps.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 2 800 árið 1991.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Mosfellsbæ árið 1991.

1. gr.

Af öllum íbúðum í lögsagnarumdæmi Mosfellsbæjar sem virtar eru í fasteignamati skal árlega greitt sérsakt sorphirðugjald árið 1991.

2. gr.

Gjaldi því sem lagt er á samkvæmt 1. grein skal varið til að mæta kostnaði sveitarfélagsins við sorphirðu sem sveitarfélagið annast vegna þeirra fasteigna sem gjaldið er lagt á.

3. gr.

Gjald samkvæmt 1. grein skal vera kr. 5 000,00 á hverja íbúð.

4. gr.

Gjald skv. 1. grein skal innheimt með öðrum fasteignagjöldum og bera sömu gjalddaga.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.